



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 24. mars 2026
26031233/101.00 IA

Efni: Beiðni um rökstuðning fyrir mismuni á afgreiðslu á erindi Brynju leigufélags ses og erindis Bjargs íbúðafélags ses. frá 3246. fundi bæjarráðs

Þegar umsókn Bjargs var ekki samþykkt má ætla að það hafi verið á grunni raka í umsögn sem lögð voru fram með umsókninni.

Í umsögninni kom fram að samkvæmt reglum Kópavogsbæjar eru félagslegar leiguíbúðir bæjarins ætlaðar þeim fjölskyldum og einstaklingum sem þurfa tímabundið sérstaka aðstoð til að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra tekna, þungrar framfærslu eða annarra félagslegra erfiðleika. Undir reglurnar féllu almennar félagslegar leiguíbúðir og íbúðir sérstaklega ætlaðar 60 ára og eldri. Á heimasíðunni fyrir félagslegar leiguíbúðir segir einnig: „Líta ber á leigu í félagslegu leiguhúsnæði sem tímabundna úrlausn og geta breytingar til að mynda á hjúskaparstöðu, fjölskyldustærð eða fjárhagsstöðu leitt til endurskoðunar á leigurétti. Upplýsinga um þessa þætti er aflað á hverju ári“.

Um Brynju leigufélag segir: Hlutverk félagsins er að kaupa, eiga og reka íbúðir fyrir öryrkja á Íslandi og tryggja þeim langtímaleiguúrræði á sanngjörnu verði.

„Markhópur“ Bjargs er hins vegar „fjölskyldur og einstaklinga[r] á vinnumarkaði sem eru undir ákveðnum tekju- og eignamörkum og sem hafa verið virkir á vinnumarkaði og fullgildir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ eða BSRB í a.m.k. 16 mánuði, sl. 24 mánuði miðað við úthlutun“. Hjá þeim kom einnig fram, að eftir að einstaklingur sem uppfyllir tekju- og/eða eignaviðmið í upphafi hefur fengið leiguíbúð, þá verður leigunni ekki sagt upp, sama hve vel honum farnast í framtíðinni.

Eins og sjá má af framangreindu, þá er mikill munur á leigutökum Bjargs annarsvegar og Brynju og Kópavogsbæjar hins vegar. Biðlistar Brynju um leiguhúsnæði skarast við biðlista Kópavogsbæjar, en ekki er bersýnilegt að leigutakalistar Bjargs feli í sér marga leigutaka sem ættu rétt að komast á biðlista hinna og hvað þá til lengri tíma.

Vegna skörunar á lista Kópavogsbæjar og Brynju, þá hefur bærinn veitt félaginu stofnframlög til kaupa á íbúðarhúsnæði. Kópavogsbær og Brynja hafa gert með sér samkomulag um vinnulag við úthlutun íbúða Brynju þar sem



aðilar á biðlistum beggja aðila eftir húsnæði, eiga forgang. Í næsta forgangi hjá Brynju eru svo öryrkjar sem búa í Kópavogi. Með þessum hætti er leitast við að aðstoða öryrkja í Kópavogi til að komast í tryggt leiguhúsnæði.

Annað sem var nefnt í umsögninni var, að við kaup á félagslegum íbúðum hafi Kópavogsbær á undanförunum árum fylgt stefnu um „félagslega blöndun“, þannig að fjöldi félagslegra íbúða fari ekki mikið yfir 10% í húsi. Stofnframlög til Brynju leigufélags hafa verið veitt til kaupa á einstökum íbúðum, ekki til að kaupa á heilu stigagöngunum eða fjölbýlishúsunum eins og til stóð hjá Bjargi.

Í fjárhagsáætlun 2026 er gert ráð fyrir 250.000.000 kr. nettó til kaupa á félagslegu húsnæði og yrði stofnframlagi til Brynju greitt af þessari fjárhæð.

Virðingarfyllst,

Ingólfur Arnarson
Deildarstjóri greiningardeildar.



Κόπavo

